

# Víkurbirtingur

Nr. 1 2. árg.

Fimmtudaginn 8. janúar 2009

## Tækifærisleyfi

Þorablót Víkurbúa verður haldið laugardagskvöldið 24. janúar n.k. í Leikskálum.

Þátttaka verður könnuð helgina 17. og 18. janúar.

Við hvetjum þá sem ekki verða heima að hafa samband við skipstjóran á olfuskipinu eða mini-master, náist ekki samband við þá má hafa samband við Þorgerði formann í síma 864-9579.

Í öðru tölublaði annars árgangs Víkurbirtings verður dagskrá blótsins kunngjörð.

## Úr dagbók lögreglunnar

Að sögn lögreglu hefur komið í ljós að stytta Förl hefur snúið sér um 5 gráður eftir því sem glöggir menn telja og snýr nú ásjónu sinni til Færeyja. Ekki er ljóst með hvaða hætti þetta gerðist en málið er í rannsókn.

## Áriðandi tilkynningar

Að gefnu tilefni þó allir séu velkomnir í heimsókn viljum við benda á að klippistofan er flutt úr gamla húsnæðinu í gamla húsnæðið við hliðina á líkhúsinu.

Magga og Jói.

## Auglýsingar

Tek að mér kennslu í meðferð sprengiefna og notkun á viðeigandi hlífðarbúnaði.

Gísli D.

## Tapað – Fundið

Íbúar neðri hluta Bakkabrautar og Vestur-Bakkans lýsa eftir verktökum á skjálftasvæði.

## Menningarhornið

Tólf eru synir tímans  
er tifa framhjá mér,  
janúar er á undan  
með árið í faðmi sér.  
Í febrúar eru fannir,  
þá læðir geislum lágt.  
Í mars, þótt blási oft biturt,  
þá birtir smátt og smátt.  
Í apríl sumrar aftur,  
þá ómar söngur nýr.  
Í maí flytur fólkið  
og fuglinn hreiður býr.  
Í júní sest ei sólin,  
þá brosir blómajöld.  
Í júlí baggi er bundinn  
og borðuð töðugjöld.  
Í ágúst slá menn engið  
og börnin tína ber.  
Í september fer söngfugl  
og sumardýrðin þver.  
Í október fer skólinn  
að bjóða börnum heim.  
Í nóvember er náttlangt  
um norðurljósa geim.  
Þótt desember sé dimmur,  
þá dýrleg á hann jól.  
Með honum endar árið  
og aftur hækkar sól.  
(höf ók)

## Víkurbirtingur,

1. tölublað 2009.

Útgefandi og ábyrgðamaður,  
þorablótsnefnd Víkurbúa

Formaður nefndarinnar.